

Fundur í Betadeild 29. nóvember 2006
haldinn í sal hústjórnsviðs Verkmenntaskólans á Akureyri

Dagskrá;

1. Setning fundar
2. Jólaljód: Anna Jóhannesdóttir
3. Fundargerð síðasta fundar: Selma Hauksdóttir
4. Önnur mál
5. Giorgio Baruchello dósent við HA mun segja frá jólasíðum á heimslóðum sínum á Ítalíu
6. Jólamáltíð og huggulegheit
7. Hapadrætti og söfnunarpoki gengur til stuðnings stúlkum í Afríku.

1. María formaður setti fundinn og bar kveðjur frá fjarstöddum konum.
2. Anna las upp úr bókinni Fugl og fiskur eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur. Hún las sögu um Labba pabbakút, það hanga litlir bílar á jólnum. Einnig las hún ljóðið Í koti.
3. Selma las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

4. Önnur mál:

María greindi frá því að Þorgerður Sigurðardóttir hefði boðið sig fram í nefnd sem sjá á um atriði deildarinnar á afmælisþingi samtakanna í vor. Stjórn hefur einnig farið þess á leit við Ingibjörgu Auðunsdóttur og Eygló Björnsdóttur að sitja í þessari nefnd. Var nefndinni fagnað með lófataki.

María greindi frá niðurstöðum hugstormunar á síðasta fundi um konu til að heiðra í tilefni af afmæli deildarinnar. Heiðís Norðfjörð var langoftast nefnd. Fundurinn samþykkti mótatkvæðalaust að heiðra Heiðísi.

María fjallaði um fjölgun kvenna í deildinni. Bað hún félagskonur að hugsa þetta mál og búa sig undir umræður á næsta fundi.

Tími gafst til að vekja máls á afmæli deildarinnar í vor. Sköpuðust fjörugar umræður um það og voru margar hugmyndir að afmælisfagnaði nefndar í viðbót við að heiðra konu, t.d. að fara út að borða, fara í gróðursetningarferð og dekur í heilsulind.

5. Giorgio Baruchello dósent við félagsvísindadeild HA kom á fundinn og sagði frá jólasíðum í heimalandi sínu, Ítalíu. Á notalegan og afslappaðan hátt sagði hann okkur að ítölsku jólin væru fyrst og fremst fjölskylduhátíð sem snerist mikið um að njóta samveru, halda í heiðri hefðir, styrkja tengsl kynslóðanna, og ekki síst að borða mikinn og góðan mat.
6. Þá var komið að því að njóta hinnar hefðbundnu máltíðar sem stjórnin sá um ásamt þeim Margréti Kristínu og Lilju.
7. Dregið var í hapadrættinu og hlaut Halldóra vinninginn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir